



Reglur Ísafjarðarbæjar um stuðningsþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.- 27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og efla einstaklinga eða fjölskyldur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við heimilishald, athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

3. gr.

Inntak stuðningsþjónustu

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð innan sem utan heimilis vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónusta er veitt á grundvelli mats á stuðningsþörf í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku eða mánuði. Ef stuðningsþörf er meiri en 15 klukkustundir í viku skal veita aukna þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í stuðningsþjónustu getur falist:

- Aðstoð við heimilishald
- Stuðningur við athafnir daglegs lífs
- Aðstoð við að sækja sér þjónustu, innkaup/erindisrekstur
- Aðstoð við samfélagsþátttöku og virkni
- Heimsending matar
- Kvöld- og helgarinnlit
- Aðstoð við umönnun barna
- Félagslegur stuðningur við barn/börn umsækjanda
- Nýting stafrænna lausna

Þjónusta fer alla jafna fram á dagtíma og skal notandi vera á heimili sínu þegar þjónusta fer fram, nema um annað sé samið. Sé notandi ekki heima skal liggja fyrir skriflegt samkomulag um það og jafnframt um hvort þjónustuveitandi hafi lykil að heimilinu.

4. gr.

Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum:

- a) Að vera orðinn 18 ára
- b) Að eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ
- c) Að búa í sjálfstæðri búsetu
- d) Að vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr í reglum þessum

Í þeim tilvikum sem umsækjandi deilir heimili með fullorðnum einstaklingi (þ.e. 18 ára og eldri) sem ekki glímir við skerta getu, er að öllu jöfnu ekki veitt aðstoð við heimilishald.

Einstaklingar, sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga að jafnaði ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum.

Fatlað fólk, sem er yngra en 67 ára, og býr á hjúkrunarheimili eða stofnun, þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum þegar sérstakar ástæður eru til staðar.

Ef þörf er á félagslegum stuðningi við barn þá sækja foreldrar eða forsjáraðilar um þann stuðning samkvæmt reglum um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

5. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Sækja skal um stuðningsþjónustu rafrænt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Allir umsækjendur skili staðfestu ljósriti af síðustu skattskýrslu. Sé umsækjandi yngri en 67 ára skal læknisvottorð jafnframt fylgja umsókninni.

Heimilt er félagsþjónustunni að óska eftir frekari gögnum sem varða umsóknina.

6. gr.

Svör við umsóknum

Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Umsækjandi skal fá skriflegt svar um samþykkt eða synjun þjónustu þar sem einnig kemur fram niðurstaða mats á stuðningsþörf.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan verði veitt. Ávallt er unnið samkvæmt forgangi á grundvelli þjónustumats. Verði tekin ákvörðun um synjun umsóknar skal umsækjanda kynntur réttur sinn og veitt nauðsynleg aðstoð og leiðbeiningar um málskot til velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar eða úrskurðarnefndar velferðarmála.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Starfsmaður velferðarsviðs metur stuðningsþörf og skal slíkt mat fara fram eins fljótt og auðið er eftir að umsókn berst. Matið fer fram á heimili umsækjanda og eru aðstæður kannaðar og metnar. Matið er unnið í samvinnu við umsækjanda og tekið sérstakt tillit til sjónarmiða hans, færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegrar stöðu og fjölskylduaðstæðna. Leitast

er við að veita þá þjónustu sem umsækjandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Við mat á stuðningsþörf er stuðst við staðlað matstæki sem er fylgigagn með reglum þessum.

8. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. ný stuðningsáætlun er unnin með notanda. Stuðningur byggir ávallt á skýrum markmiðum og árangur metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun kemur eftirfarandi fram:

1. Markmið umsækjanda með stuðningi og hvernig þeim skuli náð
2. Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur
3. Gildistími þjónustumatsins og hvenær það skuli endurmetið
4. Umfang stuðnings
5. Samkomulag um notkun starfsmanna á húslyklum notanda.

9. gr

Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að góðum, nauðsynlegum hreingerningarbúnaði og ræstingavörum svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónustan fer fram.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi þjónustuþega eða starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Heimilt er að fella niður þjónustuna þar til viðeigandi lausn finnst.

Starfsmönnum er óheimilt að neyta tóbaks í einhverju formi inni á heimilum þjónustuþega og þjónustuþegar gangast inn á að neyta ekki tóbaks á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Ef gæludýr eru á heimilinu er til þess mælst að þau gangi ekki laus á þeim svæðum þar sem þjónustan er veitt á meðan á henni stendur, nema um annað sé samið á milli aðila.

10. gr.

Endurmat og breyttar aðstæður

Þegar færni eða aðstæður umsækjanda breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Alla jafna skal endurmeta þjónustuþörf einu sinni á ári.

11. gr.

Gjaldtaka og kostnaður

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur. Gjald fyrir heimilisþrif er tekjutengt. Matarþjónusta er niðurgreidd af Ísafjarðarbæ og gjald er lagt á heimsendar máltíðir. Sé þjónusta ekki afbókuð með sólarhrings fyrirvara er gjald fyrir þjónustuna innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Umsækjandi stuðningsþjónustu greiðir allan eigin kostnað vegna frístunda- og menningar-

Þátttöku með stuðningsaðila. Ísafjarðarbær endurgreiðir starfsmanni stuðningsþjónustu útlagðan kostnað vegna frístunda- og menningarþátttöku með þjónustuaðila upp að kr. 5.500 á mánuði og fyrir akstur að hámarki 150 km á mánuði.

12. gr.

Trúnaður og varðveisla gagna

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

13. gr.

Gildistími

Reglur þessar taka gildi 21. mars 2024 og falla þá úr gildi eldri reglur um félagslega heimþjónustu og liðveislu.

Samþykkt í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar þann 14. mars 2024

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. mars 2024

Fylgiskjal 1 Mat á stuðningsþörf

Við mat á stuðningsþörf skal horfa til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulag daglegs lífs. Líta skal til eftirfarandi þátta:

- a) Þarfar umsækjanda fyrir stuðning
- b) Félagslegra aðstæðna umsækjanda
- c) Færni og styrkleika umsækjanda
- d) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni umsækjanda

Stuðningsþörf skal metin samkvæmt eftirfarandi matslista:

Færni og aðstæður	Stig
Færni við heimilishald (s.s. þrif, matseld, þvottur) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Færni við athafnir daglegs líf (s.s. persónulegt hreinlæti, klæðast, lyfjainntaka) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Færni við að sækja sér þjónustu (s.s. lækniþjónustu, bankaþjónustu, verslun og fleira) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Stuðningur frá aðstandendum og tengslaneti Mikill (0), nokkur (2), lítil (4), mjög lítil (6)	
Samfélagsþátttaka og virkni (s.s. vinna, hæfing, tómstundir) Mikil (0), nokkur (2), lítil (4), mjög lítil (6)	
Félagsleg færni (s.s. eignast vini, félagslegt frumkvæði) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Færni við heilsu og öryggi (s.s. forðast hættur, leita aðstoðar þegar þörf er á) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Álag í heimilisaðstæðum (vegna umönnunar fjölskyldumeðlims) Ekkert (0), nokkurt (2), mikið (4), mjög mikið (6)	
Félagsleg staða barns umsækjanda (gefin stig fyrir hvert barn sem þarf stuðning) Góð (0), lítillega skert (2), skert (4), mjög skert (6)	
Samtals	

Viðmið um fjölda klukkustunda í mánuði í stuðningsþjónustu miðað við stigafjölda.

Stig	Stuðningsþörf	Klukkustundir í mánuði
4-10	Væg	6-15
10-19	Meðal	15-25
20-29	Mikil	25-40
30-42	Mjög mikil	40-65